

### Gott er að spyrja eftirfarandi spurninga:

- Framfylgir félagið/deildin stefnuýfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglunga, þjálfaramenntun, forvarnir og fíkniefni?
- Er reglugerð ÍSÍ um fjárreiður framfylgt?
- Eru markmið félagsins/deildarinnar skýr og mælanleg?
- Eru markmið og leiðir félagsins/deildarinnar skilgreind?
- Hver er staðan í dag?
- Hvað er gert vel og hvað mætti betur fara?
- Hver er óskastaðan?
- Hvenær á óskastöðunni að vera náð?

### Meðal kosta sem taldir eru upp með umsókn um endurnýjun viðurkenningar sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ:

„Deildin hefur fengið meiri fjárstuðning en áður frá bæjarfélaginu....“

„Starfsemin er í föstum skorðum með notkun fyrirmyndarhandbókarinnar og hefur auðveldað mikið starfið hjá stjórn deildarinnar.“

„Við hjá félaginu finnum fyrir jákvæðara viðhorfi og meira trausti hjá foreldrum barna og unglunga sem æfa hjá félaginu.“

„Viðhorf almennings hefur almennt orðið jákvæðara gagnvart íþróttinni, en viðurkenningin eykur traust til félagsins.“



Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 6, 104 Reykjavík  
Sími 514 4000 • Fax 514 4001  
isi@isi.is • www.isi.is

ÚTGEFANDI: Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Umsjón: Vibe Sigurjónsson. Útlit: Guðni R. 2015.



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ



Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands

## Íþróttastarf til fyrirmyndar

Íþróttahreyfingin gerir kröfur til samfélagsins um stuðning, bæði aðgang að mannvirkjum og beinan fjárstuðning. Íþróttahreyfingin vill að litni sé á þennan stuðning sem endurgjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir þegnum samfélagsins. Til þess að slíkar kröfur séu trúverðugar og réttlætanager þarf íþróttahreyfingin að sýna það í verki að hún geri raunhæfar kröfur til sjálfrar sín hvað varðar gæði og innihald þess starfs sem hún vinnur. Þetta hefur hún gert með samþykkt stefnuvirlýsinga um afmarkaða málaflokka. Slíkar stefnuvirlýsingar hafa m.a. verið samþykktar um barna- og unglingsstarf, menntun þjálfara og forvarnarstarf.

Frá árinu 2003 hefur Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands veitt fyrirmyndarfélögum og -deildum sem uppfylla ákveðnar kröfur um gæði starfsins viðurkenningar. Þessi félög/deildir geta þá kallað sig fyrirmyndarfélag eða -deild ÍSÍ. Gefinn er út gátlisti yfir þau atriði í starfsemi íþróttafélaga sem uppfylla þarf til að hljóta þessa gæðaviðurkenningu. Standist félögin þær kröfur sem gerðar eru er viðurkenning veitt og gildir hún til fjögurra ára í senn en þá þarf að sækja um endurnýjun.

Fjöldi íþróttafélaga og -deilda hefur fengið þessa viðurkenningu frá ÍSÍ frá upphafi verkefnisins. Langflest þeirra félaga telja að starfsemin hafi orðið betri og markvissari og sjá því hag í því að endurnýja hana. Félögin hafa nefnt ástæður eins og faglegra starf, skýrari markmið í starfinu, skýrari stefnur í ákveðnum málaflokkum og betra viðhorf foreldra, iðkenda og samfélagsins almennt.

# Gátlisti fyrirmyndarfélaga



### 1. Skipulag félags/deildar:

- a) Skipurit er til staðar
- b) Markmiðssetning félags/deildar er skýr
- c) Ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára á fulltrúa/áheyrnarfulltrúa í stjórn félagsins

### 2. Umgjörð þjálfunar og keppni:

- a) Starfað er í samræmi við stefnuvirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga
- b) Félagið/deildin hefur látið útbúa kennslu- og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar í hverjum aldursflokki fyrir sig

### 3. Fjármálastjórn:

- a) Bókhald yngri og eldri flokka er aðskilið
- b) Fjárhagsáætlun næsta eða yfirstandandi árs liggur fyrir
- c) Laun þjálfara eru samræmd
- d) Þjálfarar eru launþegar

### 4. Þjálfaramenntun:

- a) Þjálfarar hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ
- b) Aðstoðarþjálfarar eru til staðar ef um stóra hópa er að ræða
- c) Samráðsfundir þjálfara eru haldnir

### 5. Félagsstarf:

- a) Áætlun um félagsstarf liggur fyrir

### 6. Foreldrastarf:

- a) Verksvið foreldraráða er skilgreint

### 7. Fræðslu- og forvarnarstarf:

- a) Félag/deild hefur mótað sér stefnu í fræðslu- og forvarnarmálum

### 8. Jafnréttismál:

- a) Félag/deild sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar
- b) Tekið er tillit til mismunandi þjóðfélagshópa

### 9. Íþróttir og umhverfi:

- a) Félag/deild hefur mótaða stefnu